


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	<b>LOKAVERKEFNI MYL 603 Kennsluáætlun HAUST 2013</b>	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

<b>Kennarar</b>	<b>Arna Valsdóttir</b> <i>arna@vma.is</i> <b>Véronique Legros</b> <i>vero@vma.is</i>	<b>Viðtalstími</b> <b>mán.11.25-12.05</b> <i>gsm 865.9755</i> <b>mið. 11.25-12.05</b> <i>gsm 691.1450</i> í kennarastofu listnámsbrautar	<b>Sk. st.</b>	<b>AVA VER</b>
-----------------	---	---	----------------	--------------------

## Áfangalýsing

Nemendur útfæra verk eftir eigin hugmynd og velja miðil við hæfi. Þeir geta dýpkað skilning sinn á miðlum sem þeir hafa áður kynnst eða kynnt sér nýja. Verkið skal uppfylla kröfur um hugmyndaauðgi, listræna framsetningu og góðan frágang. Nemendum er frjálst að leita fanga eins víða og þeir telja nauðsynlegt til að ná fram settum markmiðum. Í lok áfangans eiga nemendur að draga reynslu sína saman í skriflegri greinargerð.

Nemendur skipuleggja heildarvinnuferli sitt, frá hugmynd að endanlegri niðurstöðu og sýna í lokin verk sín á samsýningu með öðrum nemendum áfangans. Hópurinn vinnur saman að undirbúningi og uppsetningu sýningarinnar.

## Markmið

Að nemandi

- ✓ sýni að hann hafi náð að tileinka sér þá þætti sem liggja að baki sjálfstæðri skapandi vinnu.
  - sé fær um að vinna með þá miðla sem hann hefur áður kynnst eða tekist á við nýja
  - velji sér viðfangsefni að eigin frumkvæði
  - sýni frumkvæði og hugmyndaauðgi
  - geri verkáætlun og fylgi henni eftir
  - sýni öguð vinnubrögð
  - geti unnið sjálfstætt
- ✓ geti kynnt verk sín og rökstutt eigið val
- ✓ geti á upplýstan og greinargóðan hátt fjallað um verk samnemenda sinna þannig að gagnlegar umræður skapist.



**Verkáætlun:** Í upphafi áfanga skal nemandi vinna verkáætlun og skila til kennara.

Verkáætlunin er beinagrind sem nemandi hleður utan á og getur hugmyndin breyst í vinnuferlinu.

**Umræður** Jafnt og þétt verða umræður um vinnuna einstaklingslega og í hóp.

Haldnir verða fundir með hópnum og nemendur skrá sig í einstaklingsviðtöl við kennara reglulega.


**Greinargerð:** Nemendur skila skriflegri greinargerð í lokin þar sem fram koma forsendur fyrir vali á viðfangsefni, hugmynd að baki, lýsing á þróunarferli og afstaða höfundar til niðurstöðu.

**Dagbók/skissubók:** Þýðingarmikið er að nemandi vinni skissu/hugmyndavinnu á markvissan hátt þannig að hann skrái ferlið að baki verkinu, hugsanir þælingar, mögulegar tengingar og geri á þann hátt eigið skapandi ferli sýnilegt.

**Sýning:** Í lok áfanga setja nemendur upp sýningu á verkum sínum og undirbúa hana í samvinnu við samnemendur sína. Nemendur skipta með sér verkum við undirbúning hennar, velja sýningarstað og hanna kynningarefni.

**Efni** Nemendur velja þann miðil sem þeim hentar, útvega efni sjálfir en fá pappír og liti til skissuvinnu hjá skólanum.

**Námsgögn** Ýmsar bækur um listamenn og liststefnur sem tengjast hugmyndum hvers og eins, tímarit og vefsíður samtímalistasafna og einstakra listamanna.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	<b>LOKAVERKEFNI MYL 603 Kennsluáætlun HAUST 2013</b>	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

Námsmat		vægi
Lokaverk	20 %	50%
Mappa yfir ferlið	30 %	
Greinargerð		
Undirbúningsvinna		
Verkáætlun		
Umræður		
Ástundun, vinnulag		

Lokamat og yfirferð <i>kennara áfangans og annara kennara brautarinnar</i>		50%
---	--	-----



DAGATAL - DAGSKRÁ	
28. ág.	Fundur-(Allir mæta) <b>Kennsluáætlun</b>
2. - 6.sept.	Viðtalsvika - Einstaklingsviðtöl
9. - 13.sept.	Skil á verkáætlun
25. sept.	Fundur-(Allir mæta) <b>Yfirferð nr.1</b>
7.- 12. okt.	Viðtalsvika - Einstaklingsviðtöl
23. okt.	Fundur-(Allir mæta) <b>Yfirferð nr.2</b>
6 . nóv.	Fundur- <b>Sýningarundirbúningur</b> - Kynningarefni – (Allir mæta)
13. nóv.	Yfirferð nr.3- <b>SKIL Fullklárað verk</b>
22. - 25. nóv.	<b>Sýning</b> / Yfirferð með prófdómurum
3. des.	Skil á <b>Greinargerð</b> + skissubók og ferilmöppu

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án ábyrgðar

Með fyrirvara um breytingar,  
**Gangi ykkur vel og njótið !**  
Arna + Véronique Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils